

hafði hann sýn sem margt má af læra. Af eðlislægri þrasgirnri hafa Íslendingar tilhneigingu til þess að horfa framhjá kjarna hvers máls. Þegar hrópað var sem hæst gegn „málveiru-fræðingum“ og „málræktarpostulum“ benti Baldur á þá einföldu staðreynd að löngum hefur ríkt almenn sátt meðal landsmanna um gildi íslensks máls og formþróun þess, og það eru ekki postularnir (né andpostularnir) sem stýra þróun og gildismati, heldur almenningsálitið. Þessum almannavilja taldi Baldur sig vera að þjóna í störfum sínum í málfarsráðgjöf og þjónustu við málrækt. Ég er þakklátur fyrir að hafa kynnst þeim hugsunarhætti sem að baki því liggur.

Þriðji þátturinn í viðkyrningu okkar Baldurs var nábyli á Tómasarhaganum, en margt spjallið áttum við þar þegar við hittumst á förnum vegi. Hann og Guðrún fóru í gönguferðir og þegar fundum bar saman var frá nógu að segja. Þar kom meðal annars fram Þingeyingurinn og Akureyringurinn Baldur. Hann hafði gaman af áttthagafræði og ættfræði og rakti saman rætur okkar beggja í Reykjahlíðarætt „hinna meiri“ og sagði mér frá margvíslegum tengslum skyldmenna og venslafólks. Því miður hef ég gleymt þeim fróðleik að mestu, en vafalaust má ganga að þessu á öruggum stað, þótt síðar verði.

Ég vil að lokum þakka Baldri Jónssyni fyrir trausta samfylgd og vinskapa, og við Arna sendum Guðrúnu og fjölskyldunni bestu samúðarkveðjur.

Kristján Árnason.

Fyrstu kynni af Baldri Jónssyni voru veturinn 1969-1970 þegar hann leiðbeindi okkur íslenskustúdentum í Háskólanum um handritalestur og málfræðikenningar, m.a. hugmyndir bandaríska fræðimannsins og byltingarhugsuðarins Noam Chomsky. Þetta voru nokkuð harðsnúin fræði og nýstárleg fólki sem hafði alist upp við málfræði Björns Guðfinnssonar, byggðust m.a. á því að finna djúprúktur setninga með kvíslgreiningu, þannig að taflan var stundum þakin strikum upp og niður og þvers, svo meir líktist flatarmálsteikningum en málfræði. En þetta voru nýjungar og Baldur hafði mikinn áhuga á nýjum aðferðum, þótt hann hafi í eðli sínu verið staðfastur áhugamaður um varðveislu fornra dyggða og verðmæta. Hann var einnig manna fyrstur til að velta fyrir sér möguleikum tölvutækninnar við rannsóknir á orðaforða, man hann sagði eitt sinn: „Við eigum ekki að láta útlendinga eina um þessar athuganir.“

Það var vor í lofti á þessum árum, menn sáu fram á breytta tíma og vildu bæta þjóðskipulagið, kannski nokkur órói í sumum. Baldur virkaði stundum svolítið feiminn en hafði þann háttinn á að halda vissri fjarlægð frá nemendum, m.a. með þéringum, þegar hann var að temja þessa vormenn Íslands og kenna þeim skipuleg vinnubrögð.

Nokkuð er nú tekið að fyrnast yfir sumt það sem hann kenndi okkur, en annað gleymist ekki. Þar má taka reglusemi Baldurs og nákvæmni, sem manni fannst að vísu stundum nokkuð mikil, en ekki síst þá virðingu sem hann bar fyrir íslenskri tungu. Enda snerist lífsstarf hans fyrst og fremst um íslenska málrækt og liggja eftir hann stórvirki á því sviði. Mér reyndist hann uppörvandi og afar hjálpfús kennari.

Löngu síðar las ég um tíma prófarkir á dagblaði og þegar hroðvirkni og kæruleysi sumra blaðamannanna gerði mann dapran í hug fékk ég beinlínis áfallahjálþ hjá Baldri. Margóft síðar leitaði ég til hans um málfarsleg vandamál og vafaefni. Ætíð tók hann erindum af sömu ljúfmenskunni og greiddi úr mörgum vanda.

Skal nú ljúka þessum fábreyttu þakkarorðum frá gömlum nemanda með samúðarkveðju til Guðrúnar og sona þeirra Baldurs.

Jón Torfason.

Sem formaður Íslenskrar málnefndar og forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar hafði Baldur Jónsson

mikil áhrif á störf orðanefnda. Hann beitti sér m.a. fyrir gerð Orðabanka Íslenskrar málstöðvar þar sem fjölmörg orðasöfn eru aðgengileg í tölvu. Baldur tók snemma þátt í iðorðastarfi. Árið 1976 kom hann til liðs við Orðanefnd Skýrslutæknifélagsins, öðru nafni Tölvuorðanefnd. Við sem þetta ritum höfum tekið þátt í starfi þeirrar nefndar frá 1978 og höfum því starfað með Baldri í meira en þrjátíu ár. Á þeim tíma hefur nefndin sent frá sér fjórar útgáfur Tölvuorðasafns, þá síðustu árið 2005, en seinni viðbætur bíða birtingar.

Fráfall Baldurs átti sér skamman aðdraganda. Ekki hvarflaði það að okkur þegar við hittumst seint í febrúarmánuði, að það yrði síðasti fundur okkar með þessum frábæra íslenskumanni. Baldur lagði nefndinni til af óþrjótandi nægtabrunni þekkingar sinnar á íslensku máli. Hann trúði á sköpunarkraft málsins og gafst ekki upp þótt viðfangsefni virtust stundum illviðráðanleg. Hugkvæmni hans og smekkvísi var við brugðið og áhrifa hans gætti í öllu því efni sem nefndin sendi frá sér í bókum og á vefsíðum. Íslenskt mál væri fátækara ef hans hefði ekki notið við. Það á ekki aðeins við um tölvumálið því að Baldur var mikilvirkur á flestum sviðum íslenskrar tungu.

Oft er sagt að maður komi í manns stað, en erfitt mun reynast að fylla það skarð sem hér er orðið. Baldur var öðlingsmaður. Hans verður sárt saknað af öllum sem þekktu hann.

Við þökkum Baldri ómetanlega vináttu og samstarf sem aldrei féll skuggi á.

Sigrún Helgadóttir, Þorsteinn Sæmundsson, Örn Kaldalóns.

Kveðja frá íslensku- og menningardeild

Baldur Jónsson átti langa samleið með Háskóla Íslands – fyrst sem stúdent í íslenskum fræðum frá 1949 uns hann lauk meistaraþrófi 1958, síðar sem lektor og dósent í íslenskri málfræði frá 1965, og sem prófessor frá 1985 uns hann lét af störfum 1999. Hann beitti sér fyrir stofnun Íslenskrar málstöðvar og varð fyrsti forstöðumaður hennar frá 1985 til starfsloka.

Baldur sinnti fullri háskólakennslu um 15 ára skeið, en frá 1981 starfaði hann einkum að málrækt og kenndi stöku sinnum námskeið á því sviði. Kennslusvið hans var mjög vítt, spannaði allt frá forsögu íslensks máls til ýmissa greina samtímalegrar málfræði. Kennsla Baldurs var vönduð, vel undirbúin og skipulögð, og hann naut virðingar sem góður og nákvæmur kennari.

Snemma á starfsferli sínum, á árunum upp úr 1970, gerðist Baldur brautryðjandi í tölvunotkun við málrannsóknir og nefndi það svið máltölvun. Hann komst þá í samband við fremstu fræðimenn á þessu sviði á Norðurlöndum og víðar í Evrópu og tók virkan þátt í samstarfi þeirra – stóð m.a. fyrir norrænu máltölvunar námskeiði í Reykjavík og birti bækur og greinar um rannsóknir sínar.

Annað helsta áhuga- og rannsóknarsvið Baldurs var íslensk orðfræði. Hann skrifaði fjölmargar greinar um íslensk orð, uppruna þeirra, sögu, merkingu, beygingu, og framburð. Þessar greinar lýsa vel natni Baldurs við söfnun og túlkun heimilda, áhuga hans og skilningi á því að sérhvert orð skiptir máli og hefur að geyma ómetanlegar heimildir um sögu, menningu og atvinnuhætti þjóðarinnar.

Væntanlega verður Baldurs þó lengst minnst fyrir málræktarstarf hans. Þar fléttaðist saman vönduð fræðimennska og lifandi áhugi á íslensku máli. Hann lagði áherslu á að í málrækt þyrfti að gæta að hvoru- tveggja: Varðveislu málsins þannig að komandi kynslóðir ættu greiðan aðgang að menningararfi þjóðarinnar, en jafnframt endurnýjun og nýsköpun svo að málið héldi áfram að nýtast sem tjáningar- og samskiptatæki í síbreytilegum heimi.

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands þakkar Baldri Jónssyni samfylgdina og minnst hans með virðingu og þökk.

Eiríkur Rögnvaldsson deildarforseti.